

Steinunn Kristjánsdóttir

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2006



Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XV

Steinunn Kristjánsdóttir

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla 2006

© Steinunn Kristjánsdóttir 2007.

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2006.

Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XV.

Útgefandi: Skriðuklaustursrannsóknir.

Útgáfustaður: Reykjavík.

ISBN 978-9979-9759-5-3

EAN 9789979975953

Forsíðumynd: Handritsbrot úr gröf 66 á Skriðuklaustri.

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	4
SAMSTARFS- OG STYRKTARAÐILAR ÁRIÐ 2006.....	4
<i>Kristnihátiðarsjóður</i>	5
<i>Ríkissjóður</i>	6
<i>Leonardo da Vinci áætlun ESB</i>	6
<i>Nýsköpunarsjóður námsmanna</i>	6
<i>Pjóðminjasafn Íslands, IVALSA og Landsvirkjun</i>	7
<i>Aðrar stofnanir og fyrirtæki</i>	7
ÚRVINNSLA GAGNA	8
LJÓSMYNDIR	8
TEIKNINGAR	9
GRÍPIR	9
VETTVANGSVINNA Á SKRIÐUKLAUSTRI SUMARIÐ 2006	9
STARFSMENN.....	10
LÝSING RANNSÓKNARSVÆDISINS	11
UMSVIF Á KIRKJUTÚNINU	12
KLAUSTURHÚS	13
KLAUSTURKIRKJA OG KLAUSTURGARDUR	14
YNGRI KIRKJA	15
GRAFIR	16
GRÍPIR	17
GREININGAR.....	19
LÍKKISTUR.....	19
MANNABEINAGREININGAR	20
DÝRABEINAGREININGAR	23
STAÐA RANNSÓKNAR	23
ÚRVINNSLA OG FORGANGSRÖÐUN SÉRVERKEFNA	23
FYRIRLESTRAR OG ÚTGÁFA	24
LOKAORD	25
HEIMILDASKRÁ	27
FUNDASKRÁ 2006	28
JARDLAGASKRÁ 2006.....	114

Inngangur

Árið 2006 var fimmta ár fornleifarannsókna á Skriðuklaustri. Rannsóknin hefur notið fjárfamlags úr Kristnihátiðarsjóði frá upphafi árið 2002 en um áramótin 2006/2007 lauk sjóðurinn störfum og urðu þar með þáttaskil í sögu rannsókna á staðnum. Fjárfamlag Kristnihátiðarsjóðs hefur verið notað sem stofnframlag til rannsóknanna en með þeim hætti hefur verið mögulegt að afla mótfamlaga frá samstarfsstofnunum og úr öðrum sjóðum. Stefnt er að því að halda rannsóknunum áfram og leita eftir stofnframlagi í ríkisrekna eða opinbera sjóði.

Í áfangaskýrslu þessari er skýrt frá framvindu rannsóknar á Skriðuklaustri árið 2006. Fyrst verður í stuttu máli greint frá vinnu við hana yfir vetrartímann, sagt frá uppgrefti á Skriðuklaustri, en hann stóð yfir tímabilið frá 19. júní – 17. ágúst, farið yfir þær greiningar sem gerðar hafa verið og loks sagt frá þeirri vinnu sem framundan er.

Samstarfs- og styrktaraðilar árið 2006

Útgjöld vegna verkefnisins árið 2006 voru nokkuð í samræmi við fjárhagsáætlun. Uppsafnaður halli á rekstri rannsóknarinnar undangengin fjögur ár nam tæpum tveimur milljónum en stefnt var að því að greiða hann niður á árinu þannig að félagið yrði skuldlaust um áramótin 2006/2007. Áætlun þessi stóðst og gott betur en það.

Skriðuklaustursrannsóknir¹ fengu úthlutað 8,2 milljónum króna úr Kristnihátiðarsjóði til rannsókna árið 2006 og var það einnar milljón króna hækjun frá úthlutun árið áður.

¹ Stjórn félagsins Skriðuklaustursrannsókna (SKR) sem stofnað var haustið 2001 hefur yfirumsjón með fornleifarannsókninni á klastrinu, annast framkvæmd hennar og sér um að kynna almenningi. Í stjórn þess sátu árið 2006 Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður, tilnefndur af Gunnarsstofnun (stjórnarformaður), varamaður hans er Hrafnkell A. Jónsson héraðsskjalavörður á Egilsstöðum, Elfa Hlín Pétursdóttir, afleysingarsafnstjóri í fæðingarorlofi Rannveigar Þórhallsdóttur, tilnefnd af Minjasafni Austurlands (ritari), varamaður hennar er Þórey Hannesdóttir formaður stjórnar Minjasafns Austurlands, Hrefna Róbertsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands, varamaður hennar er Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, sr. Jóhanna Sigmarsdóttir prófastur, tilnefnd af Biskupsstofu, varamaður hennar er sr. Lára Oddsdóttir sóknarprestur á Valþjófsstað og Erna Indriðadóttir upplýsingafulltrúi Alcoa á Austurlandi,

Auk þess fékk verkefnið úthlutað framlögum og styrkjum til sérverkefna úr eftirtöldum sjóðum:

- 1) Tvær milljónir króna úr ríkissjóði til almenns reksturs uppgraftar.
- 2) Tæpar 700 þúsund krónur úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins fyrir ferða- og uppihaldskostnaði fjögurra breskra fornleifafræðinga vegna starfa þeirra í átta vikur við uppgröftinn á Skriðu.
- 3) 300 þúsund krónur úr Fornleifasjóði til kaupa á uppfærslu af teikniforritinu MicroStation.
- 4) 220 þúsund krónur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna vegna greininga á líkkistum frá Skriðuklaustri.

Breytingar urðu á rekstri fornleifarannsóknanna þegar framkvæmdastjóri þeirra tók við 75% starfi lektors við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands um áramótin 2005/2006. Framkvæmdastjóri getur þannig nýtt rannsóknarskylduhluta stöðunnar til rannsóknarinnar á Skriðu, auk þeirra 25% sem eftir standa af 100% starfi. Þessi fjórðungur launa hans er þess vegna greiddur af félaginu sem stendur að rannsóknunum. Rekstrarkostnaður vegna skrifstofu framkvæmdastjóra lækkar einnig umtalsvert en Þjóðminjasafnið greiðir nú kostnað vegna þessa liðar.

Félaginu barst einnig á árinu fleiri beiðnir um að taka fyrir sérverkefni á sviði fornleifafræði en áður og jukust tekjur félagsins umtalsvert af þeim ástæðum. Það tók að sér kortlagningu minja við Suðurlandsveg milli Reykjavíkur og Hveragerðis fyrir ráðgjafafyrirtækið Alta ehf, könnunarrannsókn á Hofi í Vopnafirði fyrir sóknarnefnd Hofskirkju og loks fornleifarannsókn á gangnamannakofa við Folavatn á Múlaafrétti fyrir Landsvirkjun.

Kristnihátíðarsjóður

Félagið Skriðuklaustursrannsóknir er sem fyrr segir að stærstum hluta rekið fyrir fjárfram lagið sem veitt er úr Kristnihátíðarsjóði. Fram lagið hefur fyrst og fremst verið nýtt til að greiða fjórðungslaun verkefnisstjóra og sumarstarfsmanna, auk kostnaðar við

án tilnefningar (gjaldkeri), varamaður hennar Björn Gísli Erlingsson kennari við Menntaskólanum á Egilsstöðum. Á aðalfundi félagsins í júlí 2006 var samþykkt að Jón Kristjánsson alþingismaður yrði aðalmaður í stjórn félagsins í stað Ernu Indriðadóttur og að hún tæki sæti sem varamaður hans. Höfundur þessarar skýrslu er framkvæmdastjóri félagsins og verkstjóri rannsókna.

rekstur uppgraftar. Framlag þetta hefur og tryggt ár hvert að félagið hafi kost á því að sækja mótfamlög til erlendra og innlendra sjóða, auk þess að gera því kleift að efna til samstarfs við innlendar og erlendar stofnanir og fyrirtæki.

Ríkissjóður

Veitt var samtals tveimur milljónum króna úr ríkissjóði til rannsóknanna á Skriðuklaustri árið 2006. Framagi ríkissjóðs var varið til niðurgreiðslu á hallarekstri félagsins, áframhaldandi skráningu gagna og niðurstaðna, auk úrvinnslu teikninga. Ragnheiður Gló Gylfadóttir meistaránemi í fornleifafræði starfaði við þetta verkefni í hálfri stöðu frá febrúar til júníloka er starfshlutfall hennar var aukið í 100%. Ragnheiður fór síðan í fæðingarorlof í byrjun ágúst en hóf störf að nýju í janúar 2007.

Leonardo da Vinci áætlun ESB

Skriðuklaustursrannsóknir hlutu einnig, eins og öll fjögur árin áður, styrk úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins til þess að þjálfa nýútskrifaðra fornleifafræðinga úr breskum háskólum. Verkefnið var unnið í samvinnu við breska fyrirtækið Grampus Heritage and Training Ltd. í Skotlandi (sjá nánar á slóðinni: <http://www.grampusheritage.fsnet.co.uk/>). Fyrir fjárfamlagið, sem veitt var til verkefnisins, var greiddur allur kostnaður sem sneri að þátttöku fornleifafræðinganna í uppgreftinum, s.s. ferðir milli landa og dagpeningar, í alls níu vikur. Fjórir fornleifafræðingar tóku þátt að þessu sinni og komu þeir frá Englandi og Wales.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Skriðuklaustursrannsóknir hlutu einn styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2006 til þess að ráða nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands en verkefni hans var að vinna að sérstakri greiningu líkkistna úr kirkjugarði Skriðuklausturs.

Þáttur nemanda í verkefninu var að hanna sérstakan gagnagrunn í forritinu Access fyrir líkkistur sem fundist hafa við uppgröftinn. Stuðst var við gagnagrunn sem áður hafði verið gerður fyrir sambærilega skráningu leirkjerja frá Skriðuklaustri en hún var unnin árið 2005 fyrir styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Breytur voru búnar til fyrir gagnagrunninn og síðan var öllum fyrilliggjandi upplýsingum um líkkisturnar safnað

saman í hann en með grunninum er hægt að gera margvíslegar greiningar og setja upplýsingar fram á skilvirkan hátt. Auðvelt er að bæta við upplýsingum í gagnagrunninn en aðgangur að forritinu er opinn. Einnig hefur slíkur gagnagrunnur mikið gildi sem samanburðarefni fyrir aðrar rannsóknir á íslenskum grafsiðum en þekkt er að kistusmíð var og er mismunandi eftir tímabilum. Að þessu sinni var hann nýttur til þess aldursgreininga með samanburði líkkistna frá Skriðuklaustri og Skálholti.

Það var Dagný Arnarsdóttir meistaránemi sem vann við verkefnið í fullu starfi frá júní til september og skilaði hún af sér ítarlegri skýrslu um greiningarnar í september. Með skýrslunni fylgir gagnagrunnur yfir kistur fundar í Skriðuklausturskirkjuarði, auk túlkana á þeim.²

Þjóðminjasafn Íslands, IVALSA og Landsvirkjun

Endurnýjaður var samstarfssamningur við Istituto per la Valorizzazione del Legno e delle Specie Arboree (IVALSA – Center for National Research) um forvörslu og mannabeinagreiningar á uppgraftarstað. Tveir sérfræðingar unnu þess vegna við uppgröftinn frá stofnuninni að þessu sinni. Það var forvörðurinn Giuseppe Venturini sem forvarði gripi frá uppgreftinum og dr. Elsa Pacciani sem sinnti mannabeinagreiningum á staðnum.

Endurnýjaður var einnig samningur við Þjóðminjasafn Íslands um forvörslu sérstakra gripa og hefur Graham Langford sinnt því verkefni. Minnt skal á að haustið 2005 var gerður samningur á milli Skriðuklaustursrannsókna og Þjóðminjasafns Íslands um að safnið hýsi rannsóknina og kosti rekstur skrifstofu vegna hennar. Samningurinn felur einnig í sér aðgang að Sarpi þar sem gögn og gripir frá Skriðuklaustri verða skráð.

Loks var endurnýjaður samningur við Landsvirkjun um áframhaldandi leigu á vinnubúðum með gisti- og eldunaraðstöðu á Teigi í Fljótsdal fyrir starfsfólk uppgraftarins.

Aðrar stofnanir og fyrirtæki

Aðrir styrktaraðilar Skriðuklaustursrannsókna sumarið 2006 voru Héraðsskógar á Egilsstöðum sem lánuðu verkefninu vinnuskúr líkt og fyrirtækið hefur gert frá upphafi

² Sjá Dagný Arnarsdóttir, 2006.

rannsókna á staðnum. Klausturkaffi á Skriðuklaustri veitti verkefninu góðan afslátt á hádegisverði starfsmanna á meðan á uppgreftinum stóð, auk þess sem Gunnarsstofnun létt því í té endurgjaldslaust aðstöðu til að þvo, ganga frá og forverja gripi, auk skrifstofuaðstöðu með aðgangi að tölvu og interneti. Gunnarsstofnun hýsir einnig heimasíðu Skriðuklaustursrannsókna á slóðinni: www.skriduklaustur.is. Tvö fyrirtæki veittu verkefninu sem fyrr 25% afslátt af vörum til uppgraftarins en það voru Ljósmyndavörur í Skipholti (Fuji-film) og Húsasmiðjan á Egilsstöðum.

Úrvinnsla gagna

Starfsmaður Skriðuklaustursrannsókna, Ragnheiður Gló Gylfadóttir meistaraneimi í fornleifafræði, vann að almennri úrvinnslu gagna frá uppgreftinum yfir frá janúar 2006 þar til uppgröftur hófst í júní, undir stjórn og með aðstoð verkefnisstjóra, Steinunnar Kristjánasdóttur fornleifafræðings. Vinna Ragnheiðar fólst m.a. í frágangi og skráningu ljósmynda og gripa í Sarp, auk vinnslu tví- og þrívíddar teikninga í tölvu, á meðan verkefnastjóri sá um undirbúning og túlkun greininga, leiðsögn nema vegna sérverkefna, gerð áfangaskýrslu, öflun fjárfamlaga til verkefnisins, auk ritun greina og flutnings fyrillestra. Tímabilið var einnig nýtt til undirbúnings áframhaldandi uppgraftar en hann hófst að nýju á Skriðuklaustri þann 19. júní og stóð til 17. ágúst, fimmta sumarið í röð. Eftir að uppgrefti lauk og fram til áramóta 2006 vann verkefnastjóri einn að úrvinnslu gagna vegna orlofs starfsmanns.

Ljósmyndir

Teknar voru bæði slides og digital gerðir ljósmynda líkt og áður hefur verið gert við uppgröftinn. Slides-myndirnar, fimm 36 mynda filmur frá sumri 2005, voru flokkaðar, skráðar og komið fyrir í þar til gerðu albúmi til varðveislu. Ljósmyndaskrá var um leið yfirfarin og leiðrétt eftir því sem við átti. Digital myndirnar voru flokkaðar, myndefni skráð við hverja og eina þeirra og þær loks brenndar á diska til frekari varðveislu.

Teikningar

Samhliða skráningu gripa í Sarp vann starfsmaður að tví- og þrívíddargerð teikninga frá Skriðuklaustri. Tölvuvinnsla tvívíddarteikninga hafði staðið yfir frá upphafi rannsóknar en nú fyrst var unnið að því að færa þær í þrívíddarform í tölvuforritinu MicroStation. Fyrst voru teikningar frá sumri 2005 unnar í tvívídd en um var að ræða 83 stakar planteikningar og 28 teikningar af beinagindum og kistum úr gröfum. Teikningar frá sumri 2005 voru síðan tengdar við teikningar frá öðrum uppgraftarsumrum á Skriðuklaustri og gerður grunnur að þrívíddargerð rústanna á Skriðuklaustri. Þessari vinnu verður haldið áfram vorið 2007 og verður teikningum frá 2006 þá bætt við en þær eru 78 talsins. Líkt og áður var jarðlagaskrá uppgraftarins uppfærð um leið og teikningar voru færðar í tölvutækt form.

Gripir

Allir gripir frá uppgreftinum eru varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands. Skráning þeirra í nettengda gagnagrunninni Sarp hófst á haustdögum 2005 og miðaðist skráningin við alla fundna gripi frá uppgreftinum á Skriðuklaustri. Áður höfðu gripir verið skráðir í ritvinnsluforritinu Word þar sem aðgangur að Sarpi þótti of dýr fyrir verkefnið. Þetta breyttist með tilkomu samstarfssamnings Skriðuklaustursrannsókna og Þjóðminjasafns en safnið greiðir nú aðgang Skriðuklaustursrannsókna að gagnagrunninum. Gripir frá uppgrefti eru 6698 talsins, þ.m.t. dýrabein og sýni, eftir uppröft á því fimm ára tímabili sem liðið hefur frá upphafi hans. Í skráningunni í Sarp fólst ekki einungis innsláttur upplýsinga sem aflað er um gripina á meðan uppgrefti stendur, heldur þarf einnig að bera skráningarnar saman við gripina sjálfa til þess að koma í veg fyrir rangar færslur. Skráningu miðar vel því árið 2006 hafði skráningu gripa frá 2002, 2003 og 2004 verið lokið en það er um helmingur allra gripa frá Skriðuklaustri.

Vettvangsvinna á Skriðuklaustri sumarið 2006

Uppgröftur sumarið 2006 hófst á Kirkjutúninu á Skriðuklaustri mánudaginn 19. júní og stóð hann til fimmtudagsins 17. ágúst. Unnið var við uppröft alla virka daga en að venju

unnu starfsmenn uppgraftarins við pökkun og frágang á gripum, ásamt Guiseppe Venturini og aðstoðarmönnum hans, þegar illa viðraði til útivinnu.

Starfsmenn

Starfsmenn uppgraftarins voru fjórtán að meðtoldum verkefnisstjóra sem stýrði uppgrefti (mynd 1), auk sjö sérfræðinga.



Mynd 1. Hópmynnd frá Skriðuklaustri. Frá hægri standandi: Albína, Nat, Amie, Hrafnkell, Cathy, Póra og Ragnheiður. Frá hægri sitjandi: Erna, Hayley, Dagný og Steinunn (mynd: Gunnar Gunnarsson).

Starfsmenn rannsókna Skriðuklausturs voru eftirtaldir á árinu en starfstími þeirra var mislangur, allt frá tveimur vikum upp í nokkra mánuði:

Dr. Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur, verkefnastjóri.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, mannfræðingur og MA nemi í fornleifafræði við HÍ.

Póra Pétursdóttir, meistaranemi í fornleifafræði við Háskólann í Tromsö.

Dagný Arnarsdóttir, fornleifafræðingur.

Albína Hulda Pálsdóttir, fornleifafræðingur og doktorsnemi í New York.

Erna Jóhannesdóttir, nemi í mannfræði við HÍ.

Hrafnkell Brimar Hallmundsson, nemi í fornleifafræði við HÍ.

Bjarki Borgþórsson, nemi í fornleifafræði við HÍ.

Hayley Roberts, fornleifafræðingur.

Catharine Barry, fornleifafræðingur.

Amie Kleinman, fornleifafræðingur.

Nathaly Newell, fornleifafræðingur.

Sigurður Ingólfsson, doktor í bókmenntafræði, leiðsögumaður.

Gunnar Gunnarsson, leiðsögumaður.

Aðrir sérfræðingarnir voru þessir:

Giuseppe Venturini forvörður hjá Soprintendenza ai Beni Archeologici per la Toscana í Flórens á Ítalíu.

Halldóra Ásgeirs dóttir forvörður á Þjóðminjasafni Íslands.

Graham Langford forvörður á Þjóðminjasafni Íslands.

Dr. Nicola Macchioni skógræðingur hjá IVALSA.

Dr. Elsa Pacciani mannabeinafræðingur hjá Háskólanum í Flórens.

Auk þessa vann Rannver Hannesson forvörður á Landsbókasafni að forvörlu skinnhandrita sem komu upp úr gröf í kór klausturkirkjunnar, Anna Fía Emilsdóttir vefnaðarkennari að forvörlu kufls sem fannst í sömu gröf og Guðný Zoëga sem fyrr segir að mannabeinagreiningum.

Lýsing rannsóknarsvæðisins

Rannsóknarsvæðið á Skriðuklaustri einskorðast sem fyrr við svokallað Kirkjutún sem liggur um 150 metra í austurátt frá gamla bæjarstæðinu á Skriðu (mynd 2). Alls hafa átján 35 fm stórir reitir verið opnaðir innan þess frá upphafi rannsóknar árið 2002 og er heildarstærð uppgrafins svæðis því 630 fermetrar. Í áætlun sumarsins 2006 var ekki gert ráð fyrir opnum nýrra reita innan þess, heldur var stefnt að því að ljúka uppgrefti á þeim sem þegar höfðu verið opnaðir ef sumarið yrði það síðasta sem grafið væri í rústir Skriðuklausturs. Rannsókn sumarsins beindist því að uppgrefti á tveimur reitum sem opnaðir voru sumarið 2005 við eystri jaðar klausturhúsanna (reitir L og O á mynd 4) og að öðrum tveimur opnum reitum innan kirkjurústarinnar (reitir N og P á mynd 4), auk rannsókna á gröfum úr klausturgarðinum. Uppgrefti var einnig haldið áfram í reit R (sjá

mynd 4) en fljótlega kom í ljós að þar eru einungis grafir og engar byggingar. Ákveðið var þess vegna að geyma þetta svæði og halda áfram uppgrefti á gröfum á reitum G, M og N (sjá mynd 4). Á uppgraftartímabilinu tókst aðeins að ljúka við uppgröft á tveimur reitanna og grafa upp þrettán grafir.



Mynd 2. Loftmynd frá 1955 af jörðinni Skriðu í Fljótsdal (© Landmælingar Íslands).

Rétt er að minna á að heildarstærð rannsóknarsvæðisins alls er tæpir 1200 fermetrar, sé tekið mið af niðurstöðum forkönnunarinnar sem gerð var á staðnum árið 2000, svo reikna má með að um helmingur rústa Skriðuklausturs hafi nú verið grafinn fram.


Umsvif á Kirkjutúninu

Ljóst er af uppgreftinum á Skriðu að umsvif hafa verið mikil á Kirkjutúninu á síðasta áratug 15. aldar og á fyrri hluta þeirrar sextándu. Áður hefur komið fram að byggingar

klaustursins sjálfs hafi staðið þar og að þær hafi náð yfir að minnsta kosti 1200 fermetra stórt svæði.

Klausturhús

Uppgröftur á Skriðuklaustri hefur frá upphafi beinst að klausturhúsunum og höfðu við lok uppgraftar sumarið 2005 sex herbergi innan þeirra verið grafin fram. Það er matsalur, eldhús, hitunarhús, kapítuli, vinnustofa og herbergi með óþekkt hlutverk (mynd 3).




Mynd 3. Uppgraðin herbergi í klastrinu á Skriðu (teikning: Ragnheiður Gló Gylfadóttir).

Lokið var við uppgröft á öllum þeirra sumarið 2005. Austast á rannsóknasvæðinu (neðst á mynd 3) fóru einnig að koma í ljós tvö herbergi til viðbótar hinum sex en haldið var áfram uppgrefti á þeim sumarið 2006. Því miður tókst sem fyrr segir ekki að grafa niður

úr mannvistarlögum á nýju svæðunum en svo virðist sem að innan annars þeirra hafi verið annað eldhús og innan hins gangur með herbergjum sitt hvoru megin. Oftast þarf að grafa í gegnum gólflög til að ná fram vísbendingum um notkun og því verður túlkun á rýmunum að bíða þar til þau hafa verið grafin fram til fulls.

Tröppur hafa komið í ljós á tveimur stöðum innan klausturhúsanna og því er ljóst að loft hefur verið yfir eða kjallari undir hluta þeirra. Þessar tvær hæðir koma einnig skýrt fram á teikningum af rústunum, yfir annars vegar hitunahúsinu og herberginu þar austan við. Aðrar tröppurnar liggja þétt upp við ofninn í hitunahúsinu. Líklegt er að ofninn hafi ekki aðeins verið nýttur til þess að hita upp það rými eingöngu, heldur einnig hæðina fyrir ofan og yfir herberginu við hliðina. Hitinn hefur þannig verið leiddur úr hitunarherberginu í gegnum stigaopið ofan við tröppurnar.

Klausturkirkja og klausturgarður




Byrjað var að grafa í rústir klausturkirkjunnar síðla sumars 2004 en klausturhús, klausturkirkja og klausturgarður mynda eina samfellda heild (mynd 3). Fyrst var opnaður reitur við miðskipið næst kórnum (reitur K á mynd 4) en sumarið 2005 var einn reitur

opnaður innan kórsins og tveir aðrir innan miðskipsins og kirkjugarðsins (reitir N, P og R). Þá var einnig lokið við uppgröft innan reits K. Sumarið 2006 var haldið áfram við að grafa upp reiti N, P og R en sá síðastnefndi nær að mestu yfir kirkjugarðinn. Lokið var við uppgröft á reitum N og P en um 17 sýnilegar grafir skildar eftir óhreyfðar á svæði R. Kirkjugarðurinn nær einnig yfir svæði G, J og M, auk þess sem jarðað var innan klausturhúsanna á svæði F og K.

Hluti klausturgarðsins hefur komið í ljós við uppgröftinn en þar hefur verið jarðað, bæði á klausturtíma og eins eftir hann. Þar fannst brunnur sumarið 2005 en brunnar teljast almennt til helstu einkenna klausturgarða. Sjaldgæfara er að jarðað sé innan klausturgarðsins sjálfs eins og gert var á Skriðuklaustri en þess eru þó mörg dæmi. Grafir hafa einnig fundist í veggjum kirkjunnar, í óskilgreindu rými sem tengir saman klausturhús og klausturkirkju, og innan klausturkirkjunnar (sjá mynd 8).

Yngri kirkja

Fram kemur í fyrri skýrslum um rannsóknina að rúst kirkjunnar samanstendur af a.m.k. tveimur byggingarstigum en samkvæmt úttektum var klausturkirkjan á Skriðu minnkuð umtalsvert og endurgerð um miðja 17. öld, enda þá komin að falli vegna viðhaldsleysis.



*Mynd 5. Grunnform kirkju sem byggð var á grunni klausturkirkjunnar eftir miðja 17. öld
(teikning: Ragnheiður Gló Gylfadóttir)*

Kirkjan var loks afhelguð árið 1793, löngu eftir að klausturlifnaður leggst af á staðnum. Greina má skýrt þessi tvö byggingarstig í teikningum frá rannsókninni og ljóst að yngri kirkjan var talsvert minni en sú eldri. Hún var augljóslega að mestu byggð á grunni kórs klausturkirkjunnar en upprefti á klausturkirkjunni er ekki lokið. Með útveggjum mælist yngri kirkjan eftir uppgröft 6 metrar á breidd og 12 metrar á lengd. Greinilegt er einnig að miðskip hennar og kór eru í sama formi (mynd 5).

Vegna þess að yngri kirkjan var byggð ofan í þá eldri, hafa gripir trúlega færst á milli þeirra. Þetta getur líka hafa gerst vegna samfelldrar notkunar kirkjubygginganna. Einnig færast gripir auðveldlega til í jarðvegi vegna frostlyftinga og annarskonar náttúrulegra hreyfinga í tímans rás.

Grafir

Sjáanlegar grafir í og við Skriðuklausturkirkju voru yfir 70 talsins við lok uppgraftar í ágúst sl. og hafa 47 þeirra verið opnaðar. Sú fyrsta var grafin upp sumarið 2003, átján voru grafnar upp sumarið 2004, sautján sumarið 2005 og þrettán nýliðið summar. Ein beinagrindin fannst utan grafa sumarið 2004 (fundanúmer SKR 2004-36-112) og hefur hún nú fengið númer grafar 73. Bein úr nánast heilli beinagrind fannst í fyllingu og undir kistu í gröf 4 við uppgröft sl. summar og hefur hún einnig fengið sérstakt grafarnúmer sem gröf 67. Auk þessa eru lausfundin mannabein allmörg. Beinasafnið frá Skriðuklausturskirkjugarði inniheldur nú samtals 49 beinagrindur með þeim lausfundnu meðtöldum (sjá töflu 1).

ÁR	NÚMER														
2003	1														
2004	3	8	9	11	12	15	16	18	20	25	26	42	43	44	46
														51	53
															73 ³
2005	6	19	21	22	23	28	29	30	32	33	45	47	56	57	58
														60	61
2006	2	4	7	62	63	65	66	67	68	69	70	71	72		

³ Beinagrind sem fannst í sniði grafar 1 hefur nú fengið númerið 73. Upphaflegt númer hennar var 2004-36-112 skráð í fundarskrá.

Tafla 1. Uppgrafnar grafir frá Skriðuklaustri.

Líkt og hin fyrr ár uppgraftar komu í ljós beinagrindur sem báru skýr einkenni meinafræðilegra breytinga en dr. Elsa Pacciani mannabeinafræðingur greindi þau mannabein sem grafin voru upp þær tvær vikur sem hún dvaldi á Skriðuklaustri, samtals sjö beinagrindur.

Sérstaka athygli vöktu að þessu sinni grafir innan kirkjunnar á Skriðu. Þar fundust sein fjögurra fullorðinna einstaklinga, 6-7 ára gamals barns og 6-7 mánaða gamals fósturs. Hinir fullorðnu voru þrír karlmenn og ein kona.⁴ Allir einstaklingar voru jarðaðir í kistum, nema einn þeirra fullorðnu (nr. 69), og voru þær allar staðsettar innan kórsins, nema kistan með fóstrinu í. Kistulausa gröfin fannst í botni grafar 65. Fóstrið fannst í 25 cm langri trékistu í gólfí miðskips kirkjunnar og stálpaða barnið við hlið konunnar, einnig í trékistu, innan kórs kirkjunnar. Í kistugröfunum þremur fundust leifar af skinnbókum en greint verður frá þeim í næsta kafla.

Gripir

Samtals voru 1376 gripir skráðir í fundaskrá uppgraftarins sumarið 2006 (sjá fundaskrá). Það eru talsvert færri gripir boríð saman við fjölda þeirra árið áður, enda voru starfsmenn uppgraftar færri í ár en í fyrra. Alls eru gripir fundir við uppgröftinn á Skriðuklaustri orðnir 6772 sem telja má nokkuð eðlilegan fjölda miðað við aldur rústanna.

Svipaðir gripir fundust sl. sumar og hin fyrrí ár uppgraftar, að undanskildum bókunum þremur sem komu upp úr jafnmögum gröfum innan klausturkirkjunnar. Ekki hafa bækur varðveisist frá fornleifarannsókn áður. Bókarspensl hafa fundist víða við uppgrefti, m.a. í kirkjugörðum og gröfum, þ.á.m. áður á Skriðuklaustri. Heil bók er skráð meðal gripa frá uppgreftinum í Skálholti árin 1954-1958 en hún varðveittist því miður ekki og þess vegna er óvist hvort og um hvers konar bók var að ræða.⁵

Handritbrot varðveittust aðeins úr einni bókinni, þ.e. þeirri sem fannst í gröf 66. Í henni hvíldi karlmaður, 30-40 ára gamall, í skósíðum kufli. Kuflinn er ofinn úr nokkrum litum og með bronsþræði en aðeins náðist að varðveita ræmur úr honum.

⁴ Pacciani, Elsa 2006.

⁵ Kristján Eldjárn 1988.




Mynd 6. Handritsbrot úr gröf 66 eftir forvörslu á Landsbókasafni (mynd: Rannver Hannesson).

Formleg greining á letri skinnbrotanna sem fundust á Skriðuklaustri hefur ekki farið fram, enda er enn unnið að forvörslu bókanna, en letrið er að sögn kunnugra gotneskt að gerð og textinn skrifaður á latínu (mynd 6 og á forsíðu). Að líkindum er hér um að ræða mannlýsingar, s.s. Heilagra manna sögur, frá 14. eða 15. öld. Kápan sem var utan um handritsbrotin hafði varðveisist ágætlega en um er að ræða leðurklædd skinnspjöld með skreyttum spenslum á kili og á brún. Skrautið á bókarkápunni er talið vera býsansk (mynd 7). Af jarðlagasamhengi má ráða að grafir þessar tilheyri elsta byggingarskeiði Skriðuklausturskirkju, þ.e. tímabilinu 1500-1550.

Lokið hefur verið við forvörslu á öllum gripum frá uppgreftri á Skriðuklaustri. Giuseppe Venturini forvarði allfesta gripina á þar til búnu forvörluverkstæði á Skriðuklaustri. Rannver Hannesson forvörður á Landsbókasafni forvarði handritsbrot þau sem varðveittust í einni af þremur þeirra bóka sem fundust við uppgröftinn en Graham Langford forvörður á Þjóðminjasafni Íslands forvarði kápur og bókarspensl sem þeim fylgdu.

Anna Fía Emilsdóttir vefnaðarkennari forvarði kuflinn sem fannst í gröf 66. Rannsókn á kuflinum er langt í frá lokið en óljóst er með framhald á henni.



Mynd 7. Kápa einnar þriggja bóka sem fundust á Skriðuklaustri sumarið 2006 (ljósmynd: Graham Langford).


Greiningar

Þrenns konar greiningar voru gerðar á árinu. Það voru greiningar á gerðum líkkistna frá Skriðuklaustri og tegundagreiningar dýrabeina, auk greininga á mannabeinum. Mannabeinagreiningarnar voru tvíbættar. Annars vegar voru sjúkdómseinkenni greind á fimm sérvöldum beinagrindum í mannabeinasafni Skriðuklaustursrannsókna og hins vegar greind álagstengd einkenni á sjö beinagrindum jafnóðum og þær voru grafnar upp sumarið 2006.

Líkkistur

Í líkkistuverkefninu, sum unnið var af Dagnýju Arnarsdóttur, var gerður gagnagrunnur í forritinu Access fyrir gerðir þeirra líkkistna sem fundist hafa í gröfum á Skriðuklaustri. Búnar til breytur fyrir grunninn og í hann safnað fyrirliggjandi upplýsingum um líkkistur frá uppgraftarsumrum 2003, 2004, 2005 og 2006 en engin gröf var grafin upp fyrsta sumar uppgraftar, árið 2002. Markmiðið með skráningu líkkistnanna var að skoða hverjir hefðu hlotið leg í kistu og hverjir ekki, með kyn, aldur og hugsanlega stöðu eða stétt í huga, auk þess sem móta átti fyrstu drög að formgerðarkeðju (e. *typology*) íslenskra líkkistna en þekkt er að smíði, gerð og form líkkistna er breytilegt á milli tímaseiða. Vonast var til að niðurstöðurnar gætu varpað ljósi á aldur grafanna í kirkjugarði

Skriðuklausturs en sumar þeirra kunna að vera frá því eftir að klausturhaldi lauk á staðnum.



Mynd 8. Teikningin sýnir staðsetningu rannsakaðra grafa innan rústa Skriðuklausturs. Beinagrindur án kistna eru brúnar á lit en kistur appelsínugular (Dagný Arnarsdóttir, 2006, bls. 21).

Hvað niðurstöður varðar, þá hafa 22 líkkistur fundist á Skriðuklaustri. Þær eru ýmist asturmjókkandi eða jafnbreiðar til botnsins. Allar kisturnar eru smíðaðar með lagi sem vék annarsstaðar á landinu fyrir nýrra lagi á 18. og 19. öld, svo ekki nýttist rannsóknin sem skyldi til aldursgreininga að þessu sinni.⁶ Svo virðist heldur ekki sem kyn og aldur hafi haft áhrif á það hvort jarðað var í kistu eða ekki en frekari greining á mannabeinum úr þeim gæti varpað ljósi á stöðu viðkomandi.

Mannabeinagreiningar

Ljóst er af fyrirliggjandi niðurstöðum mannabeinagreininga, greininga á frjókornum og á fundnum læknisahöldum, að sjúkrastofnun var rekin í einhverri mynd í klastrinu á

⁶ Dagný Arnarsdóttir 2006.

Skriðu. Beinasafnið þaðan inniheldur óvenjuhátt hlutfall sýktra beinagrinda, ungs fólks, nýbura og fyrirbura. Heildargreining á beinasafninu hefur þó enn ekki farið fram, enda eru þættirnir margir sem greina má úr því. Ákveðið var að greina fimm beinagrindur úr beinasafninu með nákvæma sjúkdómاغreiningu í huga og var Guðný Zoëga fengin til að taka þær að sér í upphafi árs 2006. Guðný hefur lokið við greiningarnar og er vísað til skýrslu hennar um heildarniðurstöður.⁷

Í stuttu máli sýndi ein beinagrindin (nr. 33) merki krónískrar sýkingar í lungum sem mögulega má rekja til berkla. Einnig voru þar leifar beingerðra blaðra eða hnúta sem getur líka bent til þess að um berkla sé að ræða en þekkt er að sögn Guðnýjar að mjúkvefur geti beingerst í sjúkdómsferlinu (mynd 8). Merki voru um rifbeinsbrot bæði hægra og vinstra megin í brjóstholinu en þau geta verið afleiðingar langvinnra og alvarlegra hóstakasta.

Í annarri beingrind (nr. 30) fundust í kviðarholi leifar kalkgerðra blaðra sem Guðný greindi sem mögulegar kalkgerðar sullaveikiblöðrur. Þunn beingerð skel var á ytra byrði blaðranna en innan í var hvítur kalkaður massi. Þessar beinagrindur voru af eldri konum.



Mynd 8. Beingerdar blöðrur sem myndast vegna berkla-sýkinga. Mynd úr gröf 33 á Skriðuklaustri (ljósmynd: Þóra Pétursdóttir).

Þriðja beinagrindin (nr. 43) var af karlmanni sem lést um tvítugt. Samkvæmt greiningu Guðnýjar sýndi hún ýmis merki um álagstengda áverka sem geta bent til mikils harðræðis, slyss eða erfiðrar lífsbaráttu. Á neðsta lendarlið hafði t.d. orðið svokallað hryggjarlos en það gerist þegar liðbolurinn brotnar frá liðboganum. Afleiðingar sýkingar var einnig að sjá á hryggjarliðum og nokkrum öðrum beinum líkamans, auk þess sem brjóstliðir voru byrjaðir að leggjast saman að framanverðu og merki voru um dældir í liðflötum hryggjaliða sem einnig eru álagstengdar eða vegna áverka. Áverka er einnig að finna á báðum axlarblöðum en þar hafa sprungur komið í þau, auk þess sem hægra

⁷ Sjá Guðný Zoëga 2007.

axlarblað virðist hafa brotnað í tvennt. Brotið var ekki gróið saman en ný beinmyndun eftir brotunum endilöngum bendir til að þau hafi verið byrjuð að gróa þegar maðurinn lést. Brot á axlarblaði eru sjaldgæf að sögn Guðnýjar vegna vöðva sem ver það fyrir áverkum. Oftast eru brotin í tengslum við meiri háttar áverka eins og fall eða bílslys nú til dags.



Mynd 9. Ummerki sárasóttar. Sjúkdómurinn er svo langt genginn að göt hafa myndast í ennisbein höfuðkúpunnar (ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir).

Einhverjar athyglisverðustu niðurstöðurnar úr rannsókninni, að mati Guðnýjar, eru hins vegar meinafræðilegar breytingar sem líklegast má rekja til sárasóttar og greindar voru á tveimur beinagrindum (nr. 23 og 29) frá Skriðuklaustri. Báðar eru beinagrindurnar af konum á aldrinum 20-30 ára. Meinafræðilegu breytingarnar á beinunum eru, að sögn Guðnýjar, svo víðtækar að greinilega er hér um að ræða sjúkdóminn á seinni stigum en þá myndast svokallaðir sýfilishnútar sem skilja eftir sig mjög einkennandi merki á beinum, mjög oft á sköflungum og ennis- og hvirfilbeinum. Á báðum höfuðkúpnanna er að finna sígild ummerki slíkra hnúta í höfuðkúpnum. Í annarri beinagrindinni er sjúkdómurinn svo langt genginn að göt hafa myndast í ennisbein höfuðkúpunnar (mynd 9). Tilvist þessara tveggja kvenna í kirkjugarðinum á Skriðuklaustri bendir til að sjúkdómurinn hafi byrjað að herja hér á svipuðum tíma og annarsstaðar í Evrópu en það var undir lok 15. aldar.

Dr. Elsa Pacciani mannbeinafræðingur við Háskólann í Flórens starfaði við mannabeinagreiningar meðan á uppgrefti stóð á Skriðuklaustri í júlí 2006. Hún skoðaði einkum og greindi álagstengd einkenni sem fram koma á beinagrindum vegna líkamlegrar vinnu, endurtekinnar hegðunar eða barnseigna. Greindi hún sex beinagrindur meðan á dvöl hennar stóð hérlandis. Tvær þeirra (65 og 66) lágu í gröfum innan kórs klausturkirkjunnar en aðrar í kirkjugarðinum sjálfum. Greina mátti ummerki álagstengdra

einkenna á beinagrindunum m.a. slit á hnjam og tábergi tveggja beinagrinda en það bendir til þess að viðkomandi hafi oft kropið á hnæ, t.d. við tilbeiðslu.⁸

Dýrabeinagreiningar

Albína Hulda Pálsdóttir sem hóf doktorsnám í fornleifafræði við City University of New York (CUNY) haustið 2005 hugðist nýta dýrabeinasafnið frá Skriðuklaustri við doktorsverkefni sitt. Dýrabein frá uppgrefti sumarið 2002 voru send utan að fengnu leyfi frá Safnaráði, eins og lög gera ráð fyrir. Í beinasafninu eru samkvæmt greiningu Albínu Huldu bein hefðbundinna húsdýra, auk hval- og selbeina. Í safninu eru jafnt bein sjávar- og innlandsfiska. Loks ber að nefna bein smáhunda líkt og fundist hafa nýverið við uppgröftinn við Kólkuósa og á Gásum í Eyjafirði.⁹ Jonathan Møller greindi einnig dýrabeinin frá uppgrefti sumarið 2002 og gaf út skýrslu um niðurstöðurnar.¹⁰ Albína skilaði lokaskýrslu sinni um greiningarnar í maí 2006 og ber niðurstöðum þeirra vel saman. Samstarfinu við Albínu hefur nú verið rift.

Staða rannsóknar

Rannsóknin á Skriðuklaustri er mjög fjölpætt vegna mikilla og margvíslegra umsvifa klaustursins. Uppgröfturinn felur í sér rannsókn á byggingum frá miðöldum, útfararsiðum og gröfum frá sama tímaskeiði, svo og tvenns konar kirkjubyggingum frá bæði klausturtíma og eins tveimur öldum eftir hann.

Miklar upplýsingar liggja nú fyrir og brýnt sem aldrei fyrr að forgangsraða sérverkefnum, þó svo að stefnan sé fyrst og fremst sú að ljúka við uppgröft á öllu rústasvæðinu. Staða rannsóknarinnar á Skriðu er engu að síður þegar komin á það stig að mögulegt er að birta um hana endanlegar niðurstöður í greinum og með fyrirlestrum.

Úrvinnsla og forgangsröðun sérverkefna

Áfram verður unnið að úrvinnslu gagna frá rannsóknunum á Skriðuklaustri á komandi vetri og stefnt að áframhaldandi uppgrefti sumarið 2007, þrátt fyrir að framlög úr

⁸ Sjá nánar Pacciani, Elsa 2006.

⁹ Albína Hulda Pálsdóttir 2006.

¹⁰ Møller, Jonathan 2003.

Kristnihátíðarsjóði séu á þrotum. Teikningar frá nýliðnu sumri verða endurunnar forritinu MicroStation og öll önnur gögn tölvuskráð, líkt og gert hefur verið við gögn frá fyrri uppgraftarsumrum. Farið verður yfir skráningu ljósmynda og gripa, auk þess sem þeir verða sem fyrr segir skoðaðir nánar með tilliti til forms, gerðar, uppruna og tegunda. Samhliða vinnu við úrvinnslu gagna í veturna mun verkefnastjóri halda áfram vinnu við miðlun, kynningu og útgáfu niðurstaðna rannsóknanna.

Einnig verður unnið áfram við þær greiningar sem hafnar eru og jafnframt unnið úr niðurstöðum frá þeim. Guðný mun halda áfram rannsóknum sínum á mannabeinasafni Skriðuklausturs og taka fimm beinagrindur fyrir hverju sinni. Röntgenmyndatökur standa yfir, þegar þetta er skrifað, á þeim 50 beinagrindum sem fyrir liggja frá uppgreftinum og munu þær væntanlega bæta og styrkja þær niðurstöður sem þegar liggja fyrir. Elsa Pacciani mun jafnframt halda áfram vinnu sinni við fyrstu greiningar mannabeina á uppgraftarstað sumarið 2007. Áframhaldandi greiningar dýrabeina eru á dagskrá, auk rannsóknar á skinnbókum þeim sem fundust sumarið 2006. Stefnt er jafnframt að nánari greiningu ýmissa þátta við byggingu klausturhúsanna, s.s. þeirra sem lúta að efniviði og byggingartækni. Aðrar greiningar og frekari úrvinnsla verður að taka mið af fjárhagsstöðu rannsóknarinnar hverju sinni.

Fyrirlestrar og útgáfa

Verkefnisstjóri hélt haustið 2005 þrjá almenna fyrirlestra um rannsóknina á Skriðuklaustri, þann fyrsta í ReykjavíkurAkademíunni í september, annan fyrir starfsmenn Landsvirkjunar í nóvember og lokks þann þriðja fyrir stjórn Læknafélags Íslands einnig í nóvember. Hann hélt einnig almennan fyrirlestur um Skriðuklaustur fyrir Rótary Grafarvogs skömmu eftir áramótin 2006 og á aðalfundi Læknafélags Íslands í september.

Verkefnisstjóri hélt fjóra fræðilega fyrirlestra um rannsóknina á Skriðuklaustri á tímabilinu september 2005 til september 2006. Þann fyrsta á ráðstefnu Kristnihátíðarsjóðs í desember 2005, annan á málstofu Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar, þann þriðja á málstofu um Skriðuklaustur á Íslenska sögubípinginu sem var haldið í maí 2006 og lokks þann fjórða á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var á Hólum í Hjaltadal í ágúst sl.

Þann 11. nóvember 2006 var fyrra málþingið af tveimur haldið um Skriðuklaustur í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Síðara málþingið var haldið þann 3. febrúar 2007. Á málþingunum fluttu fjörtán fræðimenn erindi um starfsemi klaustra á Íslandi og var rannsóknin á Skriðuklaustri þar nýtt sem kjarni upplýsinga um þau.

Stefnt er að útgáfu greinasafns um Skriðuklaustur vorið 2007 en í því verða birtir fyrirlestrarar þeirra fjörtán fræðimanna sem tóku þátt í áðurnefndum málþingum. Greinasafnið verður gefið út af Gunnarsstofnun, undir ritstjórn Hrafnkels Lárussonar sagnfræðings.

Á síðastliðnum vetri var birt grein eftir verkefnisstjóra í *Múlapingi* um umönnun sjúkra á Skriðuklaustri. Önnur grein var birt um lækningar í klaustrinu á Skriðu í júlíhefti *Læknablaðsins*. Verkefnisstjóri vann einnig á tímabilinu að ritun greinar vegna fyrirlestursins sem hann hélt á Eiðaráðstefnu sagnfræðinga og þjóðfræðinga vorið 2005, svo og að ritun greinar vegna fyrirlestursins sem hann hélt á Íslenska söguþinginu.

Af skýrslum rannsóknarinnar er það að segja að fjórða áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsókna kom út í júní sl. en þar eru birtar niðurstöður úrvinnslu gagna frá uppgreftri sumarið 2005. Skýrslur Ragnheiðar Glóar Gylfadóttur um leirkar frá Skriðuklaustri og Dagnýjar Arnarsdóttur um líkkistur komu einnig út á árinu undir ritstjórn verkefnisstjóra í skýrsluröð Skriðuklaustursrannsókna. Allar skýrslur Skriðuklaustursrannsókna eru til á Landsbókasafni, auk þess að vera aðgengilegar á heimasíðu verkefnisstjóra á slóðinni <http://www.hi.is/~sjk/>

Lokaorð

Afrakstur uppgraftar á Skriðuklaustri hefur verið mikill frá upphafi rannsóknar árið 2002. Uppgreftri er nú lokið á helmingi rannsóknarsvæðisins alls, sé tekið mið af mælingunum sem gerðar voru árið 2000. Gagnasafn rannsóknanna geyma á sjöunda þúsund gripa og beina, auk þess sem greiningar hafa skýrt margbætt hlutverk þess í íslensku miðaldasamfélagi. Mikils er um vert að ljúka uppgrefti á klausturbyggingunni allri og halda áfram greiningum á þeim efnivið sem safnað verður úr henni. Vegna einstakra aðstæðna á Skriðuklaustri má reikna með að rannsóknin á rústum klaustursins þar geti

gegnt lykilhlutverki við samanburðarrannsóknir á öðrum klastrum hérlandis og erlendis, samhliða því að varpa ljósi á klausturhald á þessum tíma á Íslandi.

Líkt og fram hefur komið í fyrri áfangaskýrslum rannsóknarinnar á Skriðuklaustri, þá var fátt vitað um byggingar og umsvif klaustursins, sem þar var rekið á miðöldum, áður en rannsóknir hófust þar fyrst með forrannsókn sumarið 2000 og síðan með uppgreftri sumarið 2002. Löngum hefur verið talið að Skriðuklaustur hafi verið lítið og að hlutverk þess hafi einskorðast við menntun prestsefna, bænahald, eignaumsýslu og ritun bóka og skjala. Fornleifarannsóknin hefur staðfest þessi hlutverk klaustursins en samhliða því gefið tilefni til endurskoðunar á stærð þess og öðrum hlutverkum en þeim sem þekkt voru fyrir. Ljóst er þess vegna að með rannsóknunum verður að líkindum í fyrsta sinn hægt að ná fram heildstæðri mynd af íslensku miðaldaklaustri, verði þeim haldið áfram þar til klaustrið allt hefur verið grafið fram. Slík heildarmynd er ekki fyrir hendi hérlandis, þó rannsóknir hafi farið fram á öðrum klausturstöðum á Íslandi.

Það er umhugsunarefni hvers vegna staðsetning, hlutverk og umsvif Skriðuklausturs hafi nánast fallið í gleymsku, sé tekið mið af því sem uppröfturinn hefur leitt í ljós. Rústir klaustursins hafa verið langtum stærri og meiri að umfangi og veglegri að smíðum en áður var talið og hlutverk þess fjölbættara. Grunnform bygginga Skriðuklausturs er það sama og sjá má í öðrum samtíða klastrum í Evrópu en byggingalag íslenskra kлаustrа hafði til þessa verið óþekkt. Önnur mikilvæg uppgötvun sem fengist hefur með rannsókninni snýr að hlutverki Skriðuklausturs sem sjúkrastofnunar. Í öðrum löndum Evrópu voru kлаustrа griðastaðir fyrir sjúka, fátæka og aldraða, einkum klaustur af reglu Ágústínusar, og hefur uppröfturinn sýnt fram á að Skriðuklaustur hafi einnig gegnt þessu hlutverki hér á landi á síðmiðöldum. Sjúkdómar þeir sem greindir hafa verið á mannabeinum sýna enn fremur fram á að sömu sjúkdómar herjuðu á landsmenn og aðra Evrópubúa, enda einangrun Íslands að líkindum langtum minni en áður hefur verið talið. Á Skriðuklaustri hafa fundist merki um bæði lyf- og handlækningar, auk þess sem sjúkir og fatlaðir hafa í áberandi meirihluta hlotið sitt hinsta leg í kirkjugarði þess. Dýrabeinagreiningar sýna fram á aðeins matarmestu bitar sauðfjár og nautgripa voru borðaðir í kлаustrу, hvort sem það undirstrikar trú á lækningamátt matar eða ríkidæmi klaustursins. Ljóst er einnig á gripum, leifum innréttинга og byggingarinnar í heild að klaustrið var efnahagslega vel stætt, auk þess sem bein sjávars pendýra og fiska vitna til

um ítök þess niðri á fjörðum og út í Héraðsflóa. Greina má sömuleiðis tengsl þess við útlönd af innfluttm gripum sem flestir virðast koma frá meginlandi Evrópu, einkum þó Frakklandi. Leiða má líkur að því að kröftug andstaða gegn kaþólskri trú eftir siðaskiptin hafi orðið til þess að klaustrið á Skriðu féll í gleymskunnar dá.

Heimildaskrá

Albína Hulda Pálssdóttir. (2006). *Archaeofauna from Skriðuklaustur, East-Iceland.* Preliminary report 2002 excavation season. New York: NORSEC.

Dagný Arnarsdóttir. (2006). *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Gerðir líkkistna.* Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XIII. Ritstjóri: Steinunn Kristjánsdóttir. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Guðný Zoëga. (2007). *Fornmeinafræðileg rannsókn á fimm beinagrindum úr klausturkirkjugarðinum á Skriðu.* No. 23, 29, 30, 33 og 43. Rannsóknarskýrslur 2007/61. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Kristján Eldjárn. (1988). Legstaðir Í Kristján Eldjárn, Håkon Christie og Jón Steffensen, *Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954-1958*, bls. 111-146. Reykjavík: Lögberg.

Møller, Jonathan (2003). *Identification of Skriðuklaustur's animal bones 2002.* Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna III. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Pacciani, Elsa. (2006). *Anthropological description of skeletons from graves no. 4, 62, 63, 65, 66, 67 and 68 at Skriðuklaustur monastery.* Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XIV. Ritstjóri: Steinunn Kristjánsdóttir. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Fundaskrá 2006

Dags	Nr.	Fundur	Staðsetning X Y +	Svæði T. lag	J- lag	Skráð af	Ath	Meðferð greining	Geymsla
20.06.2006	2006-36-0001	Gler		P/R		RGG	Steint gler. Lausafundur úr yfirborði. Fannst á mörkum svæða P og R. 2 stk.		þjms
20.06.2006	2006-36-0002	Kopar		P/R		RGG	Lausafundur. Lítt bútur fannst á mörkum r og p.		þjms
20.06.2006	2006-36-0003	Keramik		N		RGG	Beauvais, steinleir. Lausafundur úr yfirborði.		þjms
20.06.2006	2006-36-0004	Kopar		R		RGG	Lausafundur, haus af nagla.		þjms
20.06.2006	2006-36-0005	Bein		H		SK	Dýrabeinasafn úr A-sniði.	Dýrabein	þjms
20.06.2006	2006-36-0006	Járn		H		SK	Líklega úr skeifu. Úr A-sniði.		þjms
20.06.2006	2006-36-0007	Gler		H		HR	2 mismunandi brot. Úr A - sniði		þjms
20.06.2006	2006-36-0008	Járn		H		HR	Nagli? Úr A - sniði.		þjms
20.06.2006	2006-36-0009	Bein		L		RGG	Dýrabeinasafn úr V - sniði.		þjms
20.06.2006	2006-36-0010	Steinn		O		EG	Safn úr V- sniði.		þjms
20.06.2006	2006-36-0011	Brons	76,50 50,15 40,00	L 7	7	HBH/ AK	Koparhringur. 1,7 x 1,5 cm.		þjms

21.06.2006	2006-36-0012	Járn	69,50 54,70 40,52	0 7	7	HR	2 stk., líklega nagli.		þjms
21.06.2006	2006-36-0013	Lykill	62,25 83,00 40,30	P 13	12	NN	Járnnagli, stór.		þjms
21.06.2006	2006-36-0014	Bein	62,16 84,75 40,30	P 13	7	NN	2 stk., dýrabein.	Dýrabein	þjms
21.06.2006	2006-36-0015	Bein	64,50 80,60 40,30	P 13	12	NN	2 stk dýrabein.	Dýrabein	þjms
21.06.2006	2006-36-0016	Viður	65,10 81,47 40,30	P 13	12	NN			þjms
21.06.2006	2006-36-0017	Bein	68,30 82,05 40,30	P 13	5	NN	Dýrabein.	Dýrabein	þjms
21.06.2006	2006-36-0018	Viður	63,00 79,48 40,10	N 12	6	CB			þjms
21.06.2006	2006-36-0019	Viður	63,10 79,88 40,10	N 12	6	CB			þjms
21.06.2006	2006-36-0020	Bein	62,95 79,97 40,10	N 12	6	CB			þjms
21.06.2006	2006-36-0021	Bein	62,77 79,78 40,10	N 12	6	CB	Hámerar-hryggur.	Fiskibein	þjms
21.06.2006	2006-36-0022	Bein	62,90 79,80 40,10	N 12	6	CB			þjms
21.06.2006	2006-36-0023	Bein	62,87 79,98 40,10	N 12	6	CB			þjms
21.06.2006	2006-36-0024	Brons	64,67 79 40,10	N 12	6	AHP	Litill biti 0,5 x 0,5 cm með bólu.		þjms
21.06.2006	2006-36-0025	Bein	65,74 79,80 40,10	N 12	6	AHP			þjms
21.06.2006	2006-36-0026	Vikursteinn	65,22 74,95 40,10	N 12	6	AHP			þjms
21.06.2006	2006-36-0027	Bein	81,22 55,00	L		HBH/AK	Úr V – sniði. C.a. 15 cm.	Dýrabein	þjms
21.06.2006	2006-36-	Bein	78,55 55,00	L		HBH/AK	V – snið, ca 7 cm	Dýrabein	þjms

	0028						langt.		
21.06.2006	2006-36-0029	Bein	79,90 55,00	L		HBH/AK	V – snið. 5 stk fuglabein?		þjms
22.06.2006	2006-36-0030	Gler	70,85 52,47 40,52	O 7	7	EG	Lítill biti.		þjms
22.06.2006	2006-36-0031	Gler	71,52 53,00 40,52	O 7	7	HR	2 stk litlir bitar.		þjms
22.06.2006	2006-36-0032	Bein	72,64 54,3 40,52	O 7	7	HR	Bein með kolum á?		þjms
22.06.2006	2006-36-0033	Gler	73,00 52,95 40,52	O 7	7	HR	1 líttill bútur.		þjms
22.06.2006	2006-36-0034	Nagli				RGG	Lausafundur. Fannst milli svæða J og O.		þjms
22.06.2006	2006-36-0035	Bein				RGG	Lausafundur á svæði milli J og O. Tönn og vala.	Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0036	Bein				RGG	2 stk, annað fingur- eða tábtein. Lausafundur úr kirkjugarði.	Mannabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0037	Bein				RGG	Safn af svæðum M og K. Lausafundir.	Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0038	Bein				RGG	Lausafundur af svæði M.	Mannabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0039	Bein				RGG	Lausafundur rétt A við svæði Q.	Fiskibein	þjms
22.06.2006	2006-36-0040	Bein				RGG	Lausafundur við svæði Q.	Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0041	Bein	65,24 78,00 40,10	N 12	6	AHP		Dýrabein	þjms

22.06.2006	2006-36-0042	Bein	65,05 77,90 40,10	N 12	6	AHP		Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0043	Bein	65,15 78,35 40,10	N 12	6	AHP		Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0044	Bein	65,40 78,50 40,10	N 12	6	AHP	Vala.	Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0045	Gler	65,65 79,26 40,10	N 12	6	AHP	Hvít brot ca. 0,5 x 0,5 x 0,3 cm.		þjms
22.06.2006	2006-36-0046	Brýni	64,30 78,94 40,10	N 12	14	AHP	Lítið brot.		þjms
22.06.2006	2006-36-0047	Bein	63,08 79,22 40,10	N 12	6	AHP		Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0048	Bein	63,54 78,35 40,10	N 12	6	AHP		Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0049	Viður	63,50 78,42 40,10	N 12	6	AHP			þjms
22.06.2006	2006-36-0050	Gler	63,50 78,42 40,10	N 12	6	AHP	Steint gler.		þjms
22.06.2006	2006-36-0051	Bein	65,50 78,48 40,10	N 12	6	AHP		Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0052	Gler	63,60 78,50 40,10	N 12	6	AHP	Steint gler.		þjms
22.06.2006	2006-36-0053	Bein	63,60 78,50 40,10	N 12	6	AHP		Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0054	Tönn	63,54 77,35 40,15	N 11	6	AHP	Kindatönn	Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0055	Bein	63,83 77,80 40,15	N 11	6	AHP		Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0056	Bein	64,05 77,35 40,15	N 11	6	AHP		Dýrabein	þjms
22.06.2006	2006-36-0057	Nagli	63,40 76,15 40,15	N 11	7	AHP	Úr járni.		þjms
22.06.2006	2006-36-	Bein	62,52 79,97 40,10	N	6	CB			þjms

	0058				12					
22.06.2006	2006-36-0059	Bein	62,42 80,00 40,10	N 12	6	CB				þjms
22.06.2006	2006-36-0060	Járn	62,30 79,82 40,10	N 12	6	CB				þjms
22.06.2006	2006-36-0061	Bein	62,40 79,86 40,10	N 12	6	CB				þjms
22.06.2006	2006-36-0062	Bein	62,45 79,70 40,10	N 12	6	CB				þjms
22.06.2006	2006-36-0063	Bein	62,45 79,66 40,10	N 12	6	CB		Fiskibein		þjms
22.06.2006	2006-36-0064	Sýni	62,35 79,65 40,10	N 12	6	CB	Viðarsýni.			þjms
22.06.2006	2006-36-0065	Viður	62,60 79,52 40,10	N 12	6	CB				þjms
22.06.2006	2006-36-0066	Bein	62,68 79,36 40,10	N 12	6	CB				þjms
22.06.2006	2006-36-0067	Járn	62,65 79,15 40,10	N 12	6	CB				þjms
22.06.2006	2006-36-0068	Nagli	62,32 79,10 40,10	N 12	6	CB	Hnoðnagli úr blýi.			þjms
22.06.2006	2006-36-0069	Blý	62,10 79,25 40,10	N 12	6	CB				þjms
22.06.2006	2006-36-0070	Bein	76,30 50,30 40,70	L 7	7	AK HBH	2 stk dýrabein, minni en 4 cm að lengd.			þjms
22.06.2006	2006-36-0071	Bein	76,24 56,39 40,70	L 7	7	AK HBH	12 cm langt. Úr kind?			þjms
22.06.2006	2006-36-0072	Bein	76,82 51,38 40,70	L 7	7	AK HBH	Hryggjarliður úr dyri.			þjms
22.06.2006	2006-36-0073	Tönn	76,58 52,39 40,70	L 7	7	AK HBH	Tönn úr kýr eða hrossi.	Dýrabein		þjms
22.06.2006	2006-36-	Tönn	76,22 52,40 40,70	L	7	AK	Líklega úr kind.	Dýrabein		þjms

	0074				7		HBH			
22.06.2006	2006-36-0075	Bein	78,20 50,17 40,70	L 7	7	AK HBH	8 cm langt.			þjms
22.06.2006	2006-36-0076	Bein	79,15 50,42 40,70	L 7	7	AK HBH	3 stk, stærsta 13 cm langt.			þjms
22.06.2006	2006-36-0077	Bein	78,78 50,58 40,70	L 7	7	AK HBH				þjms
22.06.2006	2006-36-0078	Tönn	79,02 50,78 40,70	L 7	7	AK HBH		Dýrabein	þjms	
22.06.2006	2006-36-0079	Bein	79,21 51,09 40,70	L 7	7	AK HBH	Kjálki með tönnum.	Dýrabein	þjms	
22.06.2006	2006-36-0080	Bein	79,62 51,33 40,70	L 7	7	AK HBH				þjms
22.06.2006	2006-36-0081	Bein	79,37 50,67 40,70	L 7	7	AK HBH	3 hryggjarliðir.	Dýrabein	þjms	
22.06.2006	2006-36-0082	Tönn	79,28 50,58 40,70	L 7	7	AK HBH	2 stk.	Dýrabein	þjms	
22.06.2006	2006-36-0083	Tönn	79,69 52,42 40,70	L 7	34	AK HBH				þjms
22.06.2006	2006-36-0084	Bein	79,09 52,60 40,70	L 7	22	AK HBH	Brot úr stærra beini.			þjms
22.06.2006	2006-36-0085	Bein	79,30 54,80 40,70	L 7	5	AK HBH	2 stk.	Dýrabein	þjms	
22.06.2006	2006-36-0086	Bein	78,10 54,70 40,70	L 7	5	AK HBH	3 stk.	Dýrabein	þjms	
